# Breiðfjörðsleikhús. Gjörðabók handa leikendum við leikhús W.O. Breiðfjörðs 1895-1896

Aðfnr. 24302

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

BORGAR-
SKJALASAFN

Breiðfjörðsleikhús.

~~Gjörðabók handa leikendum~~
við leikhús W.O.Breiðfjörðs
1895 - 1896.

AÐFANGATALA 24302

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðbók handa leikendum,
við leikhús W.Ó. Breiðfjörðs
1895

BORGARSKJALASAFN
REYKJAVIKUR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 19. oktobermánaðar 1898 var fundur haldinn í leik-
húsi W. Ó. Breiðfjörðs. Á fundinum mættu samtals 10. konur
og kallar til þess að mynda fjelag sem hjeldi uppi sjón-
-leikjum í áður nefndu leikhúsi, á þá komandi vetri.
Fundinn setti leikhúseigandinn, þar næst var lesinn
upp samningur sem likendur skrifuðu undir, og
hljóðar sá samningur þannig.

Vjer sem ritum undir samning þennan. skuld
bindum okkur til að halda uppi sjónleikjum í leikhúsi
W. Ó. Breiðfjörðs á komandi vetri undir þeirri stjórn sem
kann að verða valin, og styðja ekkert annað leikfjelag, og
lofum við af fremsta megni að styðja ofanskrifaða sjónleiki
og mæta á æfingum og leikjum þegar við erum kallaðir af
formanni. — Sömuleiðis skuldbindum við okkur, til að
hafa ekkert vín um hönd í leikhúsinu, og heldur aldrei að
láta sjá okkur víndrukkna á æfingum eða leikjum meðan
á þeim stendur.
Fjelagið samanstendur af 8 karlmönnum
og 4 kvennmönnum, fyrstum sinn. þó er stjórninni
frjálst að taka aðstoðarmenn eftir þörfum sem fá borgun
fyrir þá rullu sem þeir leika, enn ekki hafa þeir atkv-
-æði um fjelagsmálefni.
Samningur gildir frá þeim í dag, og þar til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjónleikinn þetta, og brjóti einhver fjelagsmaður hann, þá hefur sá sami fjelagsmaður fyrirgjört nokkru, sem hefði gjaldi fyrir starfa sinn, og borgi þaraðauki fjelaginu. 50 til 200 kr. eftir því sem stjórn fjelagsins ákveður

Fjelagið ber að jöfnu hlutfalli allann kostnað, og deilir ágóðanum eftir því sem stjórnin ákveður, fyrir starf það sem leikendurnir hafa afhendi leyst, eftir rullu stærð

Reykjavik 19 Oktober 1895.

Kristjan Þorgrimsson W. Ó. Breiðfjörð (sem leikhúseigandi) Indriði Einarsson

Jón Jónsson Gísli Guðmundsson. Bergþór Þorsteinsson

Davíð Th. Heilmann Páll Halldórsson

Sigurður Jónsson Rudolphe Pétursson

Guðni Þórvaldsdóttir Gunnar Oddsson

Louisa Þorleifsdóttir

Árni Ásmundsson

Vigdís Árnadóttir

Þá var gengið til atkvæða um það hvort kjósa skyldi þriggja-manna eður ~~fjögra~~ fimmmanna stjórn, og var samþykkt í einu hljóði að kjósa fimm-manna stjórn.

Í stjórnina voru þessir kosnir.

W. Ó. Breiðfjörð, Kristjan Þorgrimsson, Indriði Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Hafliðason og Bergþór Þorsteinsson.
Með því þeir tveir seinast töldu úr Stjórninni ekki gátu verið á fundi þessum, og Indriði Einarsson hafði ekki tíma að vera lengur, og svo af því að enn vantaði hvern mann til að leika Ástu í Skugga sveini, þá var nú rullum ekki útbýtt, en á kveðið að gjöra það hið fyrsta, þegar Ásta væri fengin.

Fundi slitið
M Bredfjörd

Sunnudaginn 20sta Oktober kl. 4. e. m var aftur fundur í áðurnefndu leikhúsi til að ræða um þá nýútvegnu stúlku áðurnefndi. Guðrúnu frá Arnarnesstum til að leika Ástu. En er á átti að herða vildi hún ekki taka þá rullu að sjer, Og með því að hinir tveir, áðurnefndu úr Stjórninni voru enn ekki viðstaddir, var ekki fleyra tekið fyrir.

Fundi slitið.
M Bredfjörd

Miðvikudaginn 23 Oktober kl. 4. e. m.
Var fundur haldinn, og á þeim fundi voru kosnir
formaður W O Breiðfjörð (með hlutkesti)
Gjaldkeri Pall Hafliðason
Skrifari Bergþór Þorsteinsson

M Bredfjörd
formaður
Bergþór [illegible] P Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 23 Oktober d. m. 1895.

Var kosið ~~upp~~ aftur, eftir ósk formans og hlutaþeirra nýju kosningu formaður Kr. Ó. Þorgrímsson gjaldkeri V. O. Breiðfjörð, skrifari Bergþór Þorsteinsson og var útbýtt Röllum og tóku ~~þeir~~ á móti Rollum, Sigurðr Jónsson, Sigurði í dal, Páll Halldórsson Skröggasvein, og Heiðin og Þrám Gísli Guðmundsson Harald Anna Ásmundsdóttir, Margrjeti Davíð Heilmann Grasaguddu ~~Geira~~, Helgu, Kristján Þorgrímsson Lárinzius Bergþór Þorsteinsson Svend Hrábjart, og ~~Galdrahjeðin~~ Grana Jón Jónsson Ögmund. var ákveðið að halda lesiprófu nærsta föstudag kl 8 em eru allir leikendur skyldaðir til að skila Rollum sínum í lesilegu standi þegar leiknum er hætt fyrir fult og allt

Kristján Þorgrímsson
p.t. formaður

V. O. Breiðfjörð
(gjaldkeri)

Bergþór Þorsteinsson
(skrifari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudagin 25 Oktober 1895

Formaður lýsti yfir að Breiðfjörð vildi
leigja Leikhús sitt fyrir 20 krónur auk
hita og ljóss, og bar undir fundarmenn
Leikhúseigandi (W O B) lýsti því yfir
að að Hús sitt væri nú í betra standi
enn í fyrra og því gæti hann ekki leigt
það fyrir sama verð og í fyrra
Páll Hafliðason kvaðst ekki skilja í því
að 15 króna borgun væri ekki nóg, em Breiðfjörð
kvaðst ekki geta leigt það fyrir minna
en 18 kr fyrir hvert kveld sem leikið er
Formað lét ganga til atkvæða um hvort
leigja skyldi Hús Breiðfjörðs fyrir 18 kr umkvaða
og var það samþykkt.

Útbýtt Rullum Jón sterki til Jóns Þórssonar
og til Rudolfs Rulla Geirs og Grím
Formaður, bar upp hvert leika skyldi Sangerskonan
og var það falið stjórninni til umráða.
Lovísa Ísleifsdóttir tók Rullu Ástu

fundi slitið

Kristján Þorgrímsson
p.t. formaður
W O Breiðfjörð
(afsakið)
... Skrifari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudagin 29 Oktober 1895

Voru samankomnir í Húsi V O Breiðfjörðs 3 úr nefndinni, og afhentu Guðnýju Þorvarðar dóttir, Rulluna Ástu, og skrifaði hún undir Samninginn, vegna þess hún fyrri Þ. sem búin var að takka Rullu Ástu, Lovísa Ísleifsdóttir gat ekki leikið vegna fráfalls föður síns. Þess skal getið að formaður er fjærverandi

W O Breiðfjörð    Bergþór Þorsteinsson

Laugardagin 2 november 1895

Er haldin meðal Stjórnarinnar fundur og var ákvarðað, að láta leggja út Söngurkonuna og var V O Breiðfjörð falið á hendur að semja um útlegginguna við Einar Hjörleifsson fundi slitið.

Kristján Þorgrímsson    W O Breiðfjörð

pt. formaður.    Bergþór Þorsteinsson

Sunnudagin 3 nov: 1895

Var haldin fyrsta æfing í Leikhúsinu í Skuggasveini, svo sem feingin var í Ástu var álitin óhæf, og tók Stjórnin af henni Rulluna og var ákveðið að halda næstu æfingu þegar feingið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri Ástu Vigdís Árnadóttir tilkynti stjórnini
að hún fengi ekki að leika vegna bróður síns
og var frestað að útgera með það þángað til að
allir af stjórnini væru á fundi

fundi slitið

Kristján Þorgrímsson W. Ó. Breiðfjörð

pt. formaður. Bergþór Þorsteinsson

Föstudagin 8 nov: 1895

Var haldin meðal leikanda, og mættu þar
allir nema W Ó Breiðfjörð og Páll Hafliðason
var þar fengið Grasagudda í stað Davíðs
Heilmann, Guðrún Eyfúsdóttir og Rósu
Jónsdóttir fyrir ætsku Gísli og Runólfur
skiptu um Rullur tók Runólfur Harald
og Gísli Grím fundi slitið

Kristján Þorgrímsson

W. Ó. Breiðfjörð pt. formaður. B. Þorsteinsson

Sunnudagin 10 nov: 1895

Var æfður Suggasveinn og ákveðið
að halda æfingu kl 8 em á næsta miðvikud.
Guðm. Þorsteinsson prentari var fengið
til að vera hvíslari og var ákveðið að hann
fengi 3 krónur fyrir hvert kveld sem leikið
er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir peninga fundi slitið

Kristján Þorgrímsson
pt. formaður.
[illegible]

Bergþór Þorsteinsson

Fimtudag 14 nóv: 1895

~~Var~~ haldinn æfing, og var hætt áður úti en æfing var úti vegna veikleika Páls. Síðan var fundur meðal stjórnarinnar og varð ákveðið að fá Guðfinnu Jónsdóttir í Leikfjelagið. og var formanni falið á hendur að láta Guðfinnu skrifa undir samningana Indriða Einarssyni var falið á hendur á tala við Stefaníu, og reina að ná henni í leikfjelagið fundi slitið

Kristján Þorgrímsson
pt. formaður.

Indr. Einarsson Bergþór Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardagin 16 nov: 1895
Var Almennur fundur medal Leikanda var rætt um Gudfinnu Jónsdóttir. vóru ymsir med og mót, var gengid til atkvæda, og var meiri hlúti med því ~~fun~~ að Gudfinna væri tekið með í fjelagað
Svo var æfing haldin i Skuggasveini.

fundi sletið
Rósa Jónsdóttir var tekin án þess að vera fastur medlimur, um skyldi fá begum 5 Kr. fyrir hvart Kvöld sem hún tjæki fyrir peninga.

fundi sletið
Kristján Þorgrímsson
pt. formadur.

Fimtudag 21 nov
Halden æfing i Skuggasveini att
Kristján Þorgrímsson
pt. formadur

Föstudag 22 nov
Halden æfing i Skuggasveini
Kristján Þorgrímsson
pt. formadur.

Laugardag 23 æfing i Skuggasveini
Haldin æfing

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hjelt svo stjórnin fund með sjer og var samþykkt
að Breiðfjörð fengi 25 krónur fyrir lán á
Leiktjöldum Skuggasveini og gekk hann að
því. Svo var lofað Bergþóri Þorsteinssyni
75 aurar fyrir að kveikja og slökkva
fyrir hvert kveld, sem leikið er eða öll ljós eru
brúkuð. Indriði Einarsson tekur að sjer
að innæfa þau ~~þau~~ stikki sem leikin verða
og setja sinnur í stand á æfinga og leikkveld-
um. gegn því að fá borgað eins og meðal-
leikanda fyrir starf sitt.

Fundi slitið

Kristján Þorgrímsson
pt. formaður.
Bergþór Þorsteinsson
M. Breiðfjörð
([illegible])

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudag 17 nov 1895
Var haldin æfing á Skóggasveini
Svo var lesin upp af Formanni
samníngur milli hans og meðgjörninda
hans gagnvart býlotasölu. og var hann
samþykktur

Sömuleiðis var lesin upp
Húsleigu samníngur milli Breiðfjörðs
og Fjelagsins og var það sömuleiðis samþykkt
einnig var samþykkt að selja inngaungu
miða með sama verði og í fyrra
fundi slitið
Kristján Þorgrímsson
pt. formaður.
[signature]
Bergþór Þorsteinsson

Mánudagin 18 nov.
Var haldin í Skuggasveini æfing

Miðvikudagin 20 nov:
Var haldin æfing í Skuggasveini

Föstudagin 22 nov: Var haldin æfing í Skuggasv...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudagin 1 des: 1895

Var haldin almennur fundur medal Leikenda.
Formadur Kristján Þorgrímsson kvadst helst vilja skipta um Gjaldkera og fá óviðkomandi mann fyrir Gjaldkera sem ekki væri í Leikfelaginu og var nýr galdkeri kosin með meira hluta atkvæða Halldór Jónsson bankagjaldkeri og leysti Fjelagið Breidfjörd frá því starfi með 8 atkvæðum gegn 3.

fundi slitið
Kristján Þorgrímsson
pt. formaður.

Mánudag 2 des:

Var haldin fundur medal Stjórnarinnar og var ákveðið að fá Olaf Eiriksson og Hjort Hjortarson til að skoða Leiktjöld og fl. sem nú er í Leikhúsi W O Breidfjörds og kann verda brúkað og gefa svo álit sitt að endudum Sjónleikjunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvers virði það kynni að verða, og hlítir
Stjórnin þeirra dómi og skuldbindur sig að bæta
ef skemdir verða komi þeir sjer ekki saman
útnefnir Breiðfjörð oddamann
~~Þ til efni út af fundi~~
Að Breiðfjörð sem gjaldkeri lofar að borga
út alla þá peninga sem hann kann að taka
á móti, epter ávísun frá formanni
en heimilt er honum að halda svo mik-
lu epter sem # svarar þeirri Húsaleigu sem
~~sem svarar þeirri~~ hann # kynni að eiga hjá
Leikfélaginu, Ennfremur var samþykt að Palli
Hafliðasyni væri falið á hendur að vera aðst-
oðar maður formans við Inngöngumiða
að stimpla þá, ogfl: Sömuleiðis var stúngið uppá
og samþykt að allir Leikendur fái 2 inngöngu
miða hver á Generalprófu

fundi slitið
Kristján Þorgrímsson
pt. formaður
Bergþór Þorsteinsson

Páll Hafliðason
Indriði Einarsson

Breiðfjörð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudag 4 des: 1895
Haldin æfing í Skuggasveini

Bergþór Þorsteinsson

Fimtudag 5 des: 1895
Haldin æfing í Skuggasveini og var á kvíðið að halda "Generalprófu" á morgun kveldi

Bergþór Þorsteinsson

Föstudag 6 des: 1895
Haldin Generalpröfa og var boðið nokkrum heldri mönnum bæjarins

Bergþór Þorsteinsson
(Skrifari)

Laugardagin 7 des: 1895
Var fyrsta Leikkvöld, og kom inn fyrir það 125 krónur 50 a, með því sem leikendur tóku

Bergþór Þorsteinsson

Sunnudag 8 des: 1895
Leikið í annað sinn, Inntekt 179 kr 50 a. með því sem leikendur tóku.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudagin 11 des: 1895

Leikin Skuggasveinn þriðja sinn. inntekt í peníng 70 kr 25 a., Sunnudag ^14 des^ og Laugardag ^15 des^ (Leikið inntekt fyrir bæði kveldin . . . . .

Ár 1895 laugardag 14. desbr. var fundur haldinn í fjelaginu í leikhúsi W. Ó. Breiðfjörðs og var skipt niður rollum í „Söngurkonunni" til bráðabirgða þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Kristján Ó. Þorgrímsson | tók | Corfitz. |
| Haukur Benediktsson | — | Troels. |
| Guðfinna Jónsdóttir | — | Söngurkonuna |
| Bergþór Þorsteinsson | — | Claus þjón<br>Bonifacius rakara<br>Jens Olsen<br>Skáldið og<br>Aríönku prentarakonu |
| Anna Ásmundsdóttir | — | 1. stúlku hjá Corfitz og<br>Stínu járnsölumanns konu |
| Guðrún Vigfúsdóttir | — | Önnu kömmersleppara,<br>Gerke hringjara<br>Elsu skólameistara og<br>1. konu í 3. akt. |
| Davíð Heilmann | — | Önnu galdrakerlingu,<br>Gunnhildi |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Davíð Heilmann tók 1. liðsforingja.
Rósa Jónsdóttir — 2. frú og
Aðalsfrúna,
Dorthe, stúlku með disk, og
Stúlku í 3. akt
Jón Jónsson — Gotthard söngstjóra,
2. málafærslumann og
lækninn.
Sigurður Jónsson — Jerónímus,
Leonard og
Kristofer Eisenfresser
Gísli Guðmundsson — Oldfux,
1. málafærslumann og
2. liðsforingja.
Runólfur Pétursson — Ingibjörgu blýþekjara og
Engelke hattara.
Gunnar Oddsson — Ollegaard.
Sigríður Þórðardóttir — 1. frú og barnfóstruna.

og var þannig fullskipað í rollurnar, nema 2 eða 3 þénara-rollur sem síðar verður gjör ákveðið. Á fundi stjórnarinnar í gær var samþykkt, að ráða Ásm. Sveinsson til þess að penta leikendur og maskera fyrir Kr. 1,50 á kvöldi hverju, sem leikið er. Þess skal getið, að Ólafur Sveinar Haukur Benediktsson var ráðinn til að leika í Söngurkonunni og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim stykkjum sem síðar kunna (að) verða leikin ef á þarf að halda fyrir 6 krónur um hvert það kvöld, sem hann leikur og leikið er fyrir peninga og Sigríður Þórðardóttir fyrir 3 kr. á kvöldi á sama hátt og Ólafur Haukur. —

Fundi slitið

Kristján Þorgrímsson
pt. formaður
Borgþór Þorsteinsson

Ár 1895 Miðvikudaginn 18 des:
Fundur meðal stjórnarinnar, og kom hún sjer saman um að setja aðgöngumeða niður þannig, bestu sæti 75 aura almenn sæti 60 aura standandi 50 a og barnapláss 35 aura, og var ákveðið að auglýsa það í næsta útkomnum Þjóðólfi
Ólafi Benedikssyni var falið á hendur af stjórninni að útvelja 2 eða 3 stykki til að leika þennan yfirstandandi vetur

Fundi slitið

Kristján Þorgrímsson Borgþór Þorsteinsson
pt. formaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1895 Laugardagin 14 des:
Var haldin fyrsta æving í Söngurkonunni.

Bergþór Þorsteinsson

Ár 1895 Sunnudagin 22 des: í 6 sinni
Var leikinn Skuggasveinn, inntekt 108 kr " "
Ár 1895 laugardag 22 des: ~~leikið í 7 sinn~~ var ekki leikið

Bergþór Þorsteinsson

Ár 1895 mánudag 23 des:
Haldin æfing í Söngurkonunni
Sömuleiðis hjelt Stjórnin fund með sjer
og kom sjer saman um að skipta peníngum
meðal Leikinda. og urðu skiptin þessi
Páll Hafliðason 20 kr (áður fengeð 15 kr) als 25 kr
Kristján Þorgrímsson 10 kr Guðrún Vigfúsdóttir 10 kr
Bergþór Þorsteinsson 15 kr. Jón Jónsson 10 kr
Runólfur Pjetursson 8 kr Davíð Heilmann 8 kr
Gísli Guðmundsson 10 kr Sigurður Jónsson 10 kr
Gunnar Oddsson 8 krónur. Enn fremur var
Olafi Sveina Hauk. falið á hendur að leggja
út norsta Steikki gegn 12 kr. borgun á örkina
Fundi slitið

Bergþór Þorsteinsson
(p.t. skrifari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1895 Sunnudag 22 Des

Var leikinn Skuggasveinn í 7 sinni

Ath: Æfíngar í Söngvakonunni voru hvert það kveld sem ekki hefur verið leikið

Ár 1896 Laugardagin 4 Januar

Leikin Skugga-Sveinn og sindi Fergison leikfimi (8 sinn)

Ár 1896 Sunnudag 5 jan: leikinn Sk.sveinn (9 sinn)
og súngin sóló milli akta
Miðvikudag 8 jan laugardag 11 s.m. sunnud 12
varð ekki leikið vegna forfalla
en alla þessa daga var æfíng í Söngvakonunni
Enfremur var haldin æfíng í Söngvak-
a hverju kveldi, og ákveðið að halda
Generalprófu föstudagin 17 þ.m:

Ár 1896 Laugardagin 19 jan

Leikin Söngvakonan fyrsta sinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þurfti … fort …

Ár 1896 Sunnudag 20 jan

Sönguerkonan leikin í annað sinn (vel sótt)

Ár 1896 Miðvikudag 23 jan leikið fyrir fátæka

Ár 1896 Laugardag 26 januar {komu inn 70 kr.

Leikin Sönguerkonan (3 sinn) (illa sótt)

~~Miðvikudag~~

Ár 1896 Sunnudag 27 jan

Leikin sönguerkonan (4 sinn)

Alla vikuna frá 27 jan: til 2 febrúar

æfðir Gestirnir Sumarleifinni og Tveir umbáðir

Ár 1896 Sunnudagin 3 februar

Var leikin Sönguerkonan í 5 sinn

og komu leikendurnir sjer saman um að

leika þannig. Húseigandi hefði 1/4

kaupafólk 1/4 og fjelagsmenn 1/2 af því sem

inn kom það kvöld, að frá dregnu því

sem borin var fór (5 krónum) og var svo ut-

bitt aðgöngu miðum meðal Leikenda

og oft svo flest kvöld í Gestunum

Ár 1896 Sunnudagin 9 febr

Var leikin Gestirnir í Sömarleifinni og

Tveirum boðið í fyrsta sinn (vel sótt og gerður

góður rómur að leikunum)

Bergþór Þorsteinsson

(ritari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1896. Miðvikudaginn 12 febr
Leikið í (2 sinn) Gestirnir á Sumarleysinu
og Tveir um boðið.

Laugardaginn 15 febrúar
Leikið Gestirnir og Tveir um boðið
Sunnudag 16 febr leikið sama
Miðvikudag 19/2 leikið sama
og gáfu leikendur og Húseigandi
það sem inn kom Önnu Ásmundsdóttir
(sem var einn leikandinn en varð
fyrir sorg við fráfall Föður síns)

Sunnudaginn 23 febrúar 1896
leikið í síðasta sinn (og var illa sótt)

Ár 1896 föstudaginn 28 febrúar
Var haldinn fundur meðal leikenda
og var lagðir fram Reikningar Fjelagsins
er sýndu stórt tap
Var ákveðið, til kvaddir þrír menn
úr fjelaginu til að yfirskoða reikninga
fjelagsins. Skoðunarmenn Gunnar Jónsson
Davíð Heilmann og Gísli Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

126 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur